

Skrásetning hjá  
Vatnamælingum  
Skilagrein 155  
0348

TINDFJALLAJÖKULL

---

SNJÓMÆLING

apríl, maí, 1958

Jóhannes Briem

og

Valur Jóhannesson

TINDFJALLAFÖR 15.- 23. apríl

15/ Héldum úr bænum um kaffi í Doríu F.B.S.  
Ók Úlfar Jacobsen okkur austur. Gistum hjá Guðmundi  
bónda í Fljóti.

16/ Grenjandi rigning og SA-kaldi. Hiti  $2^{\circ}\text{C}$ . Héldum  
upp kl. 11 með 2 hesta undir dót. Veður fór batnandi  
en því herra sem dró þá versnaði færðin og var þæfingur  
milli skálanna. Eftir að Guðmundur hafði þegið kaffi  
o.fl. hélt hann heim en við fórum með stikurnar o.fl. austur  
á Jökuldalsbrún.

17/ SV-gola, kafaldsmugga. Fórum upp með skóflur  
og það sem eftir var af dótinu. Reistum tjald í Búraskarði.  
Skyggni ekkert (20-25 m) og gátum við því ekkert aðhafst.  
Reyndum borinn og virtist hann hið þrýðilegasta tæki.  
Fundum stiku Þorleifs og stóðu 64 cm upp úr.

18/ Þoka á jöklinum annars léttskýjað. Um hádegi  
birti og gátum við þá komið fyrir stöngum no. 2, 3, 4.  
Syrti þá aftur yfir, svo að við fórum að stöng 2. og grófum  
þar gryfju. Mældum við bæði hita og eðlisþ. Reyndist hiti  
 $+ 3^{\circ}\text{C}$  í efsta snjólagi, en annars  $+ 1^{\circ}\text{C}$  nema í einu snjó-  
lagi neðarlega, þar var hann  $0^{\circ}\text{C}$ . Lukum við ekki við nema  
1/2 skotthúfu þennan daginn.

19/ Skýjabakki á jöklinum og Tindfjöllum. Þar sem  
við vorum nú orðnir olíulausir, þá fór annar niður í Tind-  
fjallasel en hinn varð eftir í skálanum og tók til og skúraði.  
Um hádegi skall á kafaldshríð svo að við ákváðum að bíða  
og sjá hvort ekki birti er á daginn liði.

20/ Hiti  $+ 4^{\circ}\text{C}$ . SV-skafbylur. Þrátt fyrir að skyggni  
væri ekkert þá héldum við upp í dag. Urðum við að fara eftir  
áttavita, því engin kennileiti var að sjá. Tókst okkur að  
finna stöng 2, en gryfjan var full. Var snjórinn þó laus  
í sér og því fljótlegt að moka honum upp úr. Höfðum við  
nú þak yfir 1/2 gryfjunni og var mikið skjól af, en nú

blotnuðum við þar sem að snjókófið bráðnaði á okkur vegna hitans frá þrímusnum. Reyndist eðlisþ. þá 0,251 í nýföllnum snjó í 0,879 í íslögum. Meðaltal mun þó vera milli 0,5-0,6. Árlagið reyndist 3,52 m.

21/ Lemjandi rigning og rok. Ekki viðlit að gera neitt í dag. Guðmundur bóndi brauzt þó upp eftir og sótti megnið af dótinu. Lét hann illa yfir færðinni. Versnaði veðrið er á daginn leið og mun veðurhæðin hafa náð 12-13 vindstigum.

22/ All-hvass s-skafrenningur. Fórum upp að sækja dótíð. Var tjaldið komið í kaf og í svo slæmu ástandi að við skárum beztu bitana úr og hentum svo afhengnum. Gerðum marg ítrekaðar tilraunir til þess að finna Drýlið og sækja þangað framlengingarnar úr ísbornum, en töpuðum alltaf stefnunni eftir örfáa metra vegna sortans og veður- ofsans. Eins reyndum við að finna stikurnar án árangurs. Á heimleiðinni höfðum við næstum gengið fram hjá dótinu og voru þó ekki nema 8-10 metra frá því og skálann sáum við ekki fyrr en við áttum 10-15 metra í hann.

23/ Héldum til byggða. Vorum tæpl. 1 1/2 tíma niður. Flutti Hallgrímur bóndi okkur út að Barkastöðum, þar sem við náðum í mjólkurbíl á Selfoss. Þaðan tókum við áætlunarbíl í bæinn.

Reykjavík, 24.4. 1958

Jóhannes Briem,  
Valur Jóhannesson.

TINDFJALLAFÖR 30/4 - 1/5 1958

30.4. Héldum úr bænum kl. 9 e.h. á bifreið frá Raforkumálaskrifstofunni. Áðum við góða stund á Selfossi, og þar sem að vegurinn var frekar slæmur þá komum við austur að ganga þrjú. Sváfum í bílnum.

1.5. Komumst á stað um kl. 9. Ókum upp gilbarminn austan túnsins. Eftir að upp á fyrstu brúnina er komið fórum við vestur á bóginn og ókum eftir móum og melkollum upp að kerinu. Er þetta tiltölulega hindrunarlaus leið jeppabifreiðum í þurru veðri. Upp af kerinu þarf sennilega að lagfæra þó nokkuð með jarðýtu, eigi að gera þar samilegan veg. Teljum við réttara að athuga nánar hvort ekki sé unnt að komast austur yfir Selgilið, því að þar eru aflíðandi og sléttir melar alveg upp að Tindfjallaseli. Í neðri skálanum stöldruðum við við og snæddum. Eins litum við aðeins við í efri skálanum til þess að taka borinn o.fl.

Þegar upp kom hófumst við þegar handa við að koma stöngum fyrir og höfðum við lokið um sólarlag (kl. 22). Renndum við okkur þá niður Austurdal og fórum upp á brúnirnar vestan Saxa. Virtist okkur þarna þrýðileg leið fyrir snjóbíla. Er auðvelt að komast niður í Austurdalinn austan Valafells og síðan upp syðri sporð Austurdalsjökulsins.

Eftir að hafa matast í efri skálanum, þá renndum við okkur á skíðum niður á brúnir. Þegar niður kom hittum við Hallgrím í Fljótsdal og þáðum kaffi hjá honum. Eins skildum við greiðsluna fyrir hrossin eftir hjá honum jafnframt því, sem að hann hjálpaði okkur um benzín. Til bæjarins komum við kl. 7 að morgni.

Reykjavík, 4.5. 1958

Jóhannes Briem,  
Valur Jóhannesson

23. marz: Rudolf Stolzenwald, Hellu  
setti stiku 1.
1. apríl: Þorleifur Guðm. mældi  
Engin breyting. Gróf hana niður.  
100 cm upp úr.
17. apríl: J. Briem mældi 64 cm upp úr
1. maí: J. Briem mældi 26,5 upp úr.  
Setti merki (no. ) frá merki í snjó  
21,0 cm. Frá merki í topp 5,5 cm.

London, 6.5.1958

Kæri Sigurjón.

Ég sendi þér hér það, sem eftir var af skilagreininni frá Tindfjallajökli. Því miður gat ég ekki lokið þessu áður en ég fór, en ég notaði tímann í vélinni og páraði þetta upp. Átlast ég til að því sem bætt aftan við það, sem ég var búinn að pára um stiku No. 1. Því miður er þetta ekki nægilega skipulega sett upp en ég skal setja þetta upp betur seinna í sumar þegar fleiri gildi eru komin.

Prófilinn úr gryfjunni teikna ég svo um leið og ég kemst til Münchenar og kemst á teikniborðið mitt. Sendi ég hann þá eða kem með hann í ágúst.

Þætti mér mjög gaman, ef þú getir svo sent mér línu öðru hvoru og leyft mér að fylgjast með framkvæmdum á Tindfjöllum ásamt aflestrartölum. Eins ef þið gætuð sent mér Jökul, þegar hann loksins kemur út. Ég hripa ykkur svo línu þegar ég hefi talað við strákana.

Kveðja,

Viðbótar upplýsingar um stikur á Tindfjallsjökli.

Skal bæta aftan við uppl. um stiku 1.

Settar upp 18. apríl 1958.

-----

No. 2. Frá topp í merki 64,5 cm. Merki í snjó 69,5 cm.

No. 3. Frá topp í merki 54,0 cm. Merki í snjó 98,4 cm.

No. 4. Frá topp í merki 64,3 cm. Merki í snjó 66,7 cm.

No. 2-4 eru allar á sniðinn milli Saxa og Drýlisins.  
(Lítið "Nunatak" norðan Ýmis).

No. 5. Frá topp í merki 47,0 cm. Merki í snjó 99,5 cm.

No. 5. stendur á sniðinn milli Drýlisins og vestri enda Jökulhnúanna. Þvert yfir Eystri-Botnsárjökulinn.

No. 6. Frá topp í merki 68,3 cm. Merki í snjó 86,0 cm.

No. 7. Frá topp í merki 50,3 cm. Merki í snjó 85,5 cm.

No. 6-7 standa á snitinu milli Saxa og vestri enda Jökulhnúanna. Þvert á Austurdalsjökul.

No. 8. Ekki til.

No. 9. Frá topp í merki 68,5 cm. Merki í snjó 92,0 cm.

No. 9 stendur í miðjum þríhyrningnum, sem sniðin mynda. Er á hávaðanum NV af Ými.

No. 10. Frá topp í merki 75,0 cm. Merki í snjó 78,5 cm.

No. 10 er á miðjum Austurdalsjökli í ca. 1100 m hæð.

No. 11. Topp í snjó 135 cm.

No. 11 er á miðjum Austurdalsjökli í ca. 900 m hæð.  
Ómerkt.

No. 12. Frá topp í snjó 160 cm.

No. 12 stendur í Búraskarði við austurenda Saxa. Stöngin er ómerkt og er ætlast til að lína sé notuð til vara, ef einhver hinna skyldi tynast.

No. 5-12 eru allar settar upp 1. maí.

Í efri skálanum, uppi undir súð, er ísborinn með  
2 framlengingum ásamt auka stangarmerkjum.

Á hverju merki, fyrir aftan tölustafinn, er höggvið  
stik og skal mæla í það.

Lundúnum, 6.5.1958

Jóhannes Briem



Tindfjallaför 30.4. - 1.5.

Aflestur á snjóælistikum.

No.	Aflestur í cm.	Ákoma
1.	26,5	37,5 cm
2.	46,0	23,5 "
3.	70,0	28,4 "
4.	20,5	46,2 "

Yfirborð jökulsins var vindbarinn smáöldóttur foksnjór og er það án efa aðalástæðan fyrir musmunandi gildum á ákomunni.

Lundúnum, 6.5.1958

Jóhannes Briem.

Tindafjallaför 21/6 - 22/6 1958.

- 20 júní Lagði af stað úr bænum austur að Selfossi kl. 6. Þaðan fékk ég far austur að Hvolsvelli um kvöldið. Gisti hjá Trúmanni kennara á Stórðáfshvoli, sem keyrir mjólkurbílinn.
- 21 júní Fór með mjólkurbílinum inn að Barkarstöðum, kom að í Fljótsdal rúmlega tíu, þáði kaffi en hélt strax uppúr. Kom í efri skálan kl 12.15 og losaði mig við dótið en hélt strax upp á jökul. Í Hakaskarði var þoku-slæðingur en ég ákvað samt að fara upp í skarðið austur af Saxa, þar sem stöng 12 var. Þr þangað var komið var kominn svarta þoka en þó mjög hlýtt. Mér til mikillar undrunar sá ég eins og rennur í allar áttir og komst ég að raun um að þetta myndu vera skíðaförinn frá því um hvítasunnuna þó það hefði lækkað á stöngunum um ca. einn metra. Gat ég rakið þessar rennur um jökulin, þó skygnið væri ekki nema 15-20 m. Mér feillaði þó að finna eina stöng eða no. 6. Í austur jöklinum milli stangar fimm og Drýlinins voru tver miklar sprungur. Mældi á seinustu stöngina kl 18, enþá var farið að rigna. Kom í skálan kl. 19,20.
- 22 júní Lagði af stað úr skála kl 7,30. Það var svarta þoka fram á brúnir fyrir ofan Fljótsdal en þangað kom ég kl. 9,30. Dvaldi þar fram eftir degi því að bíllin fór ekki fyrr en kl. 5 frá Múlakoti.

Reykjavík 23/6 1958.

Valur A. Jóhannesson.

TINDAFJALLAFÜR 21/6 - 22/6 1958.

Aflestur 21 juni

No.	Aflestur í cm.	lækkun frá 25 mai.
1.	115,0	103,0 cm.
2.	122,5	94,1 "
3.	165,0	107,5 "
4.	112,0	101,1 "
5.	161,0	75,2 "
6.	Ekki mæld	
7.	184,5	110,1 "
8.	273,0	112,3 "
9.	169,0	100,0 "
10.	173,0	114,5 "
11.	258,0	136,5 "

Reykjavík 23/6 1958.

Valur A. Jóhannesson.

TINDAFJALLARÖR 24/5 - 26/5 1958.

24/5. Lögðum á stað úr bænum eftir hádegi í Soffíu sem nokkrir ungir menn hjá bifreiðadeild Sambandsins eiga.

Við stönsuðum aðeins í Fljótsdal, en hjældum svo áfram upp sömu leið og á jeppanum þann 1. maí, upp að kerinu. Þar fór eitthvað í drifinu, svo þeir snéru honum við en við hjældum fjórir upp í efri skálann. Þangað komum við kl. 02-15.

Veður var bjart og nokkuð frost.

25/5. Ágætis veður, sólskin og blíða. Lögðum fjórir á stað úr skálanum, en tveir skildu við okkur í Hakaðal og gengu á Haka. En við tveir hjældum upp á jökul. Tókum við til við ~~stengurnar~~ stengurnar, mæla á þær og miða þær inn á kort. Hittum við nokkra úr neðri skálanum, en þeir hjældu upp á norður jökul. Vegna hitans varx snjórinn blautur og afleitt renslí.

Umm það bíl er við vorum að klára þrínirninginn skall á okkur þoka, svo það var völaust að miða fleiri inn. En hjældum upp að stöng 12 og tókum hana upp.

Rendum okkur niður Austurdalinn, mældum á stengurnar og bættum einni við. Snérum svo við upp Austurdalinn og fyrir Saxa. Komum í skálann rúmlega átta, þá var komið aðeins fjúk.

26/5. Hjældum niður um hádegið, komum aðeins við í neðri skálanum, en héldum svo áfram niður.

Fengum kaffi í Fljótsdal og héldum svo í bæinn ásamt fjórum úr neðri skálanum. Komum í bæinn rúmlega tíu.

Reykjavík 27/5. 1958.

Valur Jóhannesson,  
Þorvarður Brynjólfsson.

TINDAFJALLAFÖR 24/5 - 26/5 1958.

Aflestur af snjómælistikum þ. 25/5.

No.	Aflestur í cm	Ákoma
1.	12,0	14,5 cm
2.	28,4	17,6 "
3.	57,5	12,5 "
4.	10,7	9,8 "
5.	86,3	13,2 "
6.	71,5	14,5 "
7.	74,4	11,1 "
9.	69,0	23,0 "
10.	58,5	20,0 "
11.	121,5	13,5 "
12.	141,5	18,5 "

Breytingar gerðar á stikum þ. 25/5.

No. 12. Ekki lengur til.

No. 8. Frá topp í snjókl 160,7 cm. *mynd*  
No. 8 stendur íx miðjum ~~á milli~~ álmu Austurdals-  
jökuls í ca. 1100 m hæð.

Reykjavík 27/5 1958.

Valur Jóhannesson.

TINDAFJALLAFÖR 10/7 - 11/7 1958.

- 10 júlí Fór úr bænum kl. 2, með bíl sem fór að Múlakoti, en þaðan gekk ég inn að Fljótsdal. Þáði þar kaffi en hélt svo áfram uppí skála ásamt Guðmundi yngra frá Fljóti. Við vorum tvo tíma upp í efri skálan. Ágætis veður.
- 11 júlí Héldum frá skála kl. 9.30 og höfðum borinn með okkur. Fórum upp Hakadal og austan við Búrasker. Á jöklinum var sólskin og gott veður en þoka í Tindafjöllunum. Tókum við til að mæla og bora, eitt að því fyrsta sem við tókum eftir var að slómenjumbrífóturinn hefði komið upp síðan 21 júní. Þega við lögðum í Austurdalinn skall á þoka og fengum við eftir það rigningu, sliddu og kafald eftir því hvar við vorum staddir. Mældum á seinustu stöngina kl. 4. Austurdalurinn hefur breiðt mikið, nú er hann þakinn stórum vikur flákum. Héldum yfir Sexa og niður í skála, þar stum við og þurkuðum fútin, lögðum af stað niður kl. 7.30 Komum að Fljótsdal kl. 9.15. Fékk þaðan bíl framm að Múlakoti og gisti ég þar.
- 12 júlí Fór með áetlunarbílnum til Reykjavíkur.

Reykjavík 13/7. 1958.

Valur A. Jóhannesson.

TINDAFJALLAFÖR 10/7 - 11/7 1958.

Aflestur 11 júlí.

No.	Aflestur í cm.	lökkun frá 21 júní.
1.	243,0	128,0 cm.
2.	260,5	138,5 "
3.	302,5	137,5 "
4.	246,5	134,5 "
5.	308,5	139,5 "
7.	288,2	103,7 "
8.	419,0	146,0 "
9.	284,0	115,0 "
10.	323,0	150,0 "
11.	429,5	171,5 "

No.	Aflestur í cm.	lökkun frá 25 maí.
6.	277,5	206,0 cm.

Alomenfumprífóturinn stendur 36,5 cm upp úr með 21° halla svo lóðrétt lökkun er 34,0 cm.

Allar stengurnar voru borðar niður svo við næstu lesningar skal mídað við þessar tölur.

no.	Frá topp í merki.	merki í snjó.
1.	5,5 cm.	74,0 cm.
2.	64,5 "	156,0 "
3.	54,0 "	145,5 "
4.	64,3 "	116,0 "
5.	47,0 "	77,5 "
6.	68,3 "	104,0 "
7.	50,3 "	86,0 "
8.	107,0 "	168,0 "
9.	68,5 "	68,0 "
10.	75,0 "	125,0 "
11.	105,5 "	108,5 "

Reykjavík 13/7 1958.

Valur A. Jóhannesson.

Rist.

666dafjallaför 10/7 - 11/7 1958.





TINDAFJALLAPÖR 23/9 - 25/9 1958.

22. sept. Komum að Múlakoti þ. 21. á jeppanum x 1188 J. Eypósson, J. Briem og ég. Sváfum þar um nóttina. Lögðum ~~því~~ af stað upp að norðaverðu, en urðum að skilja J. Briem eftir vegna veikinda. Komumst upp að Keldum en urðum þarfrá að kverfa vegna rigningar og vatnsflaums. Og snerum því við aftur að Múlakoti.
23. sept. Fórnum inn að Barkastöðum og fengum þar fylgdá bræðrana Tómasar og Daða Sigurðssona. Tómas setti keðjur á jeppan og ók honum upp á brún, en þar snéri hann við en Daði kom með okkur Jóni Eypórssyni. Ókum við jeppanum upp í skála.
24. sept. Lögðum við á stað upp á jökul í glampandi sólskini strax eftir morgunverð. Þar á jökulinn var komið var strax tekið til að grafa þrífótinn upp og mæla á stengurnar. Óvenjumikil bráðnun hefur átt sér stað á joklinum, allur vetrarsnjór var bráðnaður og um það bil helmingur fyrra árs snjó. Svo að vikurflákar þekja nú meiri partin af honum. Það gekk mjög greiðlega að ljúka störfunum af, svo að Daði og Jón fóru norður á Jökulhnúana. Vorum komnir tímanlega í skála.
25. sept. Heldum niður að Fljótsdal og Barkastöðum og þáðum þar kaffi, en héldum síðan beint til Reykjavíkur.

Reykjavík 28/9 1958.

Valur A. Jóhannesson.

TINDAFJALLAFÖR 23/9 - 25/9 1958.

Aflestur 24 September.

No.	Aflestur í cm.	Afnám Frá 11 agust.
0.	354,0	188,0 cm.
1.	250,0	113,0 "
2.	335,0	145,0 "
3.	368,0	99,0 "
4.	361,0	130,0 "
5.	254,0	70,5 "
6.	370,0	152,5 "
7.	284,0	74,0 "
9.	252,0	67,5 "
10.	Fallin-- fjarlægð.	
11.	Fallin - fjarlægð.	

-----  
Stengur sem komið hafa upp síðan 11. agust.

00. 45,5 cm Aluminstöng við hliðina á þrífætinum.  
000. 418 cm í vikur 429 cm í snjó, bambusstöng á stað No. 12.  
(topp í band 220 cm, band í grænan vír 177 cm, vír í vikur  
21 cm,) stöngin er brotinn um vírinn.)

-----  
Öll hæðin á No. 0. Aluminumþrífóturinn. 270 cm stöngin upp úr  
31 cm klossin  
270 cm hver fótur  
en lóðrétt hæð, klossi  
í snjó er 264 cm.  
Öll hæðin 270 + 31 +  
264: 565 cm.

Öll hæðin á No. 00. Aluminstöng.  
335 cm. með meters merkingum.

-----  
Gryfja hjá No. 0. 97 cm árslag 1957  
79 cm árslag 1956

-----  
Stengur sem koma næst til aflestrar.

00. 252 cm. 5. 254 cm  
0. 270+31+217:518.cm. 7. 284 cm  
1. 240 cm 252 9. 252 cm

-----  
Hinar stengurnar voru fluttar niður í skála til geimslu.

Reykjavík 28/9 1958.


Valur A. Jóhannesson.

# Snjósmælistengur á Tindafjallajökli 1958.

No. 1.

ca. 1180 m

ARKOMA AEFNAM



No. 2.

ca. 1180 m


ARKOMA AEFNAM



No. 3.

ca. 1220 m

ARKOMA AEFNAM




# Smjómælistengur á Tindafjallajökli 1958.

No. 4.

ca. 1260 m


ÞAKOMA ÞEFNÁM



No. 5.

ca. 1200 m


ÞAKOMA ÞEFNÁM



No. 6.

ca. 1190 m

ÞAKOMA ÞEFNÁM.




# Snjömælistengur á Tindafjallajökli 1958.

No. 7.

ca. 1160 m


AKOMPA AFNAM



No. 8.

ca. 1020 m


AFNAM



No. 9.

ca. 1250 m

AKOMPA AFNAM




# Snjómælistengur í Tindafjallajökli 1958.

No. 10.

ca. 1020 m


AKOMIA AFMAM



No. 11.

ca. 900 m

AKOMIA AFMAM



No 0

ca. 1170 m

AKOMIA AFMAM

Alumíníum þrífötur,




sem  
fær upp  
11. júlí,  
þ.e.g. þá  
þá stöð  
hann 34e  
upp í  
snjóinn

No. 12

ca. 1200

AKOMIA



Tindfjallaför 11.8 - 12.8 1958

- 11/8 Höldum úr bænum kl.2 með áætlunarbifreið að Fljóti. Þáðum kaffi og fórum svo áleiðis upp í skála. Reyndum að athuga vegarstöði á leið upp eftir en vegna þoku var erfitt að ákveða síðari hluta leiðarinnar. Virtist okkur þó ekki muna að þurfa mikið að lagfæra leiðina til þess að hún yrði sæmilega fær. Þó mun þurfa jarðýtu til. Ef leiðin verður löguð, hefur Hallgrímur bóndi í Fljótsdal tjáð sig fúsan að færa til túngirðinguna til þess að bæta leiðina. Gistum í efri skálanum að vanda.
- 12/8 Bjart og sólskin. Gengum á jökulinn úr Jökuldalnum. Skíðaförin frá því í vor sjást enn þá greinilega. Boruðum niður tvær stengur no. 2 og no. 11. No 8 hafði fallið. Hafði hún lent í lækjarfarveg en þar sem hún stóð á tómun vikri, lögðum við ekki í að bora hana niður aftur. Fórum með hana heim í skála. Sömuleiðis tókum við annað bitið af borunum með í bæinn til viðgerðar.

Reykjavík 22.8. 1958

Jóhannes Briem

Valur A. Jóhannesson

Tindfjallaför 11.8 - 12.8 1958

	<u>Aflestur</u>	<u>Afnám</u>	
No. 0	166.5	133.0	(Aluminstöng)
1.	137.0	63.0	
2.	264.0	108.0	
3.	269.0	123.5	
4.	231.0	115.0	
5.	183.5	106.0	
6.	217.5	113.5	
7.	210.0	124.0	
8.	Fallin - fjarlægð		
9.	184.5	116.5	
10.	283.5	158.5	
11.	281.5	173.0	

Eftirfarandi stangir voru boraðar niður á ný.

No. 2.	Merki í snjó	210.0
No.11.	" " "	80.0